



Starfskjarastefna Landsbréfa

Samþykkt á aðalfundi Landsbréfa 6. apríl 2017

1. MARKMIÐ

Landsbréf leggja áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbréfum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni félagsins, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Félagið leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög skal starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

2. STARFSKJÖR STJÓRNARMANNA

Stjórnarmönnum, öðrum en starfsmönnum Landsbankans hf., skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Stjórn gerir tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnunum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

3. STARFSKJÖR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra. Starfskjör hans skulu vera samkeppnishæf við kjör í sambærilegum félögum á fjármálamarkaði en þó ekki leiðandi.

Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn félagsins í samráði við stjórnarformann og skulu laun þeirra vera samkeppnishæf en þó ekki leiðandi að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar viðkomandi starfs.

4. KAUPAUKAKERFI

Stjórn getur tekið ákvörðun um gerð kaupaukakerfis (hvatakerfis) til að ná fram markmiðum samkvæmt 1. gr. og lagt tillögur sínar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Kaupaukakerfið skal vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins, nú Reglur um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja nr. 388/2016.

5. UPPLÝSINGAGJÖF

Landsbréf gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársskýrslu sinni, auk þess að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar.

6. Annað

Að öðru leyti fer með starfskjarastefnu þessa samkvæmt lögum.